

## Innheimta höfundaréttargjalda fyrir not tónlistar á vefnum „tonlist.is“ og úthlutun höfundaréttargreiðslna til réttihafa vegna þeirra nota

Í tilefni af umfjöllun í fjölmiðlum í síðasta mánuði um tónlistarvefinn „tonlist.is“ og greiðslur fyrir not tónlistar honum er rétt að eftirfarandi komi fram:

1. Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) og samnorrænu höfundaréttarsamtökin Nordisk Copyright Bureau (NCB) annast hagsmunagæslu fyrir íslenska sem erlenda tónhöfunda gagnvart umræddum tónlistarvef. Þessi samtök hafa hins vegar ekki með höndum réttindagæslu fyrir flytjendur, þ.e. hljóðfæraleikara og söngvara, eða hljómplötuútgefendur, heldur er það Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH).
2. Í gildi er samningur milli STEFs og NCB annars vegar og fyrirtækisins D3 hins vegar, þar sem fyrirtækinu er veitt heimild til að gera tónlist aðgengilega fyrir notendur á vefnum „tonlist.is“ gegn ákveðinni greiðslu. Þessi samningur hefur verið í gildi frá árinu 2005 og sambærilegur og samningar sem gerðir hafa verið á öðrum Norðurlöndum milli höfundaréttarsamtaka og þeirra aðila er selja aðgang að tónlist á netinu.
3. Samkvæmt samningnum greiðir fyrirtækið D3 sem endurgjald til STEFs/NCB 12% af heildartekjum sínum af starfrækslu vefsins, að frádregnum virðisaukaskatti. Þó skal fyrirtækið greiða að lágmarki 8 kr. þegar gert er eintak af hverju lagi (á ensku „for each downloaded track“). Þetta er sama endurgjald og tíðkast samkvæmt sambærilegum samningum í Danmörku, en endurgjaldið er nokkru lægra í flestum öðrum Evrópulöndum, þ. á m. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.
4. Fyrirtækið D3 hefur staðið skil til STEFs/NCB á umsömdum höfundaréttargjöldum í samræmi við fyrrgreindan samning frá og með 1. janúar 2005. Lágmarksendurgjaldið, þ.e. 8 kr. á hvert eintak af lagi, er greitt fjórum sinnum á ári, þ.e. 1. maí vegna tímabilsins janúar – mars, 1. ágúst vegna tímabilsins apríl – júní o.s.frv. Heildaruppgjör vegna hvers árs, þar sem greidd eru 12% af heildartekjum, að frádregnu áður greiddu lágmarksendurgjaldi, fer síðan fram 1. júlí árið eftir, þegar endurskoðaður ársreikningur fyrirtækisins liggur fyrir.
5. Samkvæmt samkomulagi STEFs og systursamtaka þess á öðrum Norðurlöndum er það verkefni NCB að úthluta höfundum og öðrum réttihöfum höfundaréttargreiðslum fyrir þessi tónlistarnot. NCB úthlutar þessum höfundagreiðslum eftir á, eins og öðrum, tvisvar sinnum á ári. Það þýðir að greiðslur fyrir tónlistarnot, sem eiga sér stað fyrri hluta árs, er úthlutað til höfunda og annarra réttihafa í desember/janúar og greiðslur fyrir not á síðari hluta árs í júní árið eftir.
6. Vegna þess að endanlegt uppgjör samkvæmt samningnum við fyrirtækið D3 getur fyrst farið fram eftir að endurskoðaður ársreikningur liggur fyrir, þá líður óhjákvæmilega nokkuð langur tími frá því að tónlistarnotin fara fram og þar til höfundar og aðrir réttihafar fá endanlega úthlutað fyrir notin. Það gerðist fyrst með úthlutun NCB í þessum mánuði að úthlutað var endanlega fyrir not á vefnum á árinu 2005, þannig að nú eiga allir réttihafar að hafa fengið úthlutað greiðslum fyrir not tónlistar sinnar á vefnum á því ári.

# STEF

7. Stjórn STEFs ræddi þetta mál á fundi sínum 26. júní sl. Samhliða því, sem samþykkt var að setja þessa greinargerð á heimasíðu samtakanna, var því beint til mín undirritaðs að leita allra leiða til þess að hraða úthlutun á þessum höfundaréttargreiðslum, þar sem óviðunandi væri að svo langur tími liði frá því að tónlistarnotin færu fram og þar til endanleg úthlutun bærisk höfundum og öðrum réttihöfum.

Reykjavík, 29. júní 2007,

Eiríkur Tómasson,  
framkvæmdastjóri STEFs